Kópavogur 8. maí 2021.

Kópavogsbær

Bæjarstjóri, skipulags og umhverfisnefnd.

Efni: framkvæmdir við lóðir Lautasmsára og Lindasmára.

Góðan daginn gott fólk, nú nýverið voru settar bráðabirgða lokanir þar sem tengivegur hefur verið á milli Lautasmára og Lindasmára á móts við Lautasmára 43 og Lindasmára 13. Engin kynning hefur farið fram á þessum gjörningi og eru skiptarskoðanir um gagnsemi framkvæmdarinnar hvað þá tálmanir. Er það ósk okkar að þetta verði kynnt og gefið tækifæri með tillögur áður en lengra er gengið í þessari framkvæmd.

Það er einnig ósk okkar að farið verði í kynningu á fyrirhugaðri framkvæmd með svokallaðan „Ærslabelg“ við Dalsmára en framkvæmdir voru til undirbúnings hans fyrir um ári síðan.

Einnig viljum við geta þess að göngustígar sem ligja um lóð okkar eru mikið notaðir af almenningi um allt hverfi og hvaðan æfa hvar, þar hafa verið ljósastaurar frá því að húsin voru byggð (yfir 27 ár) en með engan ljósabúnað og hefur verið borið við að þetta sé einkalóð og því beri bænum ekki skylda til að þjóna þessum þætti. Gerðar hafa verið tilraunir með að setja ljósbúnað á þessa staura en ávalt einhver sem hefur komið í veg fyrir það gengi upp. Neðangreint húsfélag hefur verið reiðubúið að leggja til ljósbúnaðinn á móti því að bærinn taki við rekstri þeirra í þágu almennings, sem leggur leið sína um þetta svæði allan sólarhringinn, sem er öryggisatriði á myrkum tímum.

Fyrir hönd íbúa Lautasmára 43,45,47,49,51,53 og Lindasmára 1,3,5,7,9,11,13.

Jón Svavarsson formaður, Lindasmára 5, 201 Kópavogur.

motiv@simnet.is +354 8930733

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.11 2026